Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar

um vegagerð á Snæfellsnesi.

Flm.: Bjarni Bjarnason.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leggja fram fé á næsta hausti til vegagerða á Snæfellsnesi svo sem hér segir:

a. Til vegar frá Hellissandi á leið til Bervíkur, allt að 20 þús. kr.
b. Til vegar frá Skógarströnd fyrir Álftafjörð á leið til Stykkishólms, allt að 30 þús. kr.

Greinargerð.

Fyrir um áratug var byrjað á vegagerð frá Hellissandi vestur hraunið. Mun þetta hafa verið byrjun að vegi, sem áhugamenn hugsuðu sér, að lagður yrði fyrir sunnan Snæfellsjökul til Breiðuvíkur. Þessi tíu ára gamla undirstaða, sem er nokkur hundruð metrar á lengd, er enn í fullu gildi. Er næsta einkennilegt, að þetta nauðsynjaverk skyldi stöðvast. Með a-lið tillögu þessarar legg ég til, að nú verði hafizt handa á ný. Ætlast ég til, að byrjað verði á þeim köflum milli Sands og Bervíkur, sem ekki eru ökufærir frá náttúrunnar hendi. Á löngum köflum þarf ekki annað en raka eða tína vikursteina úr götu, þar sem vikursandur er undir, á öðrum stöðum þarf að stinga hálfa til eina skóflustungu af moldarlagi ofan af vikursandinum. Í Bervík eru nokkur býli, þar er sérlega lífvænlegt, gott fjárland og fiskur við landsteinana, en hvorki bílfær vegur né sími. Ég er þeirrar skoðunar, að slík byggð eigi ekki að leggjast niður, þvert á móti séu þarna skilyrði til vaxandi byggðar, en þó með því eina móti, að vegur og sími komi sem allra fyrst; mundi það gefa fólkinu, sem þarna býr, nýjar lífsvonir á þessum stað, ef sýnd væri viðleitni í þá átt að bæta samgöngur við Hellissand til að byrja með. Síðar mun vegur þessi tengdur við veginn, sem nú er verið að leggja hjá Hamraendum.

B-liður tillögunnar fjallar um veg, sem tengja á Skógarströnd við Stykkishólm. Þess munu fá dæmi, að jafnbúsældarleg sveit og Skógarströndin er sé með öllu útilokuð frá bílvegasambandi. Mér er ekki ljóst, hvernig stendur á því, að slíkt framkvæmdaleysi hefur verið þolað. Ég tel, að óhjákvæmilegt sé að koma Skógarströndinni í vegasamband við Stykkishólm fyrir Álftafjörð. Ég vona, að Alþingi sjái, að hér er um að ræða sanngjarnar tillögur og nauðsynlegar. Þess má geta, að á báðum stöðum mun vera nægilegur vinnukraftur til þessara framkvæmda, þegar líður að sláttarlokum.